

## REGLUR

### **um Starfslaunaþjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna.**

1. gr.

*Hlutverk.*

Meginhlutverk sjóðsins er að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigrein.

2. gr.

*Tekjur.*

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting eftir því sem Alþingi ákveður í fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

*Stjórn.*

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu ReykjavíkurAkademíunnar og formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Þóknun fyrir stjórnarsetu og umsýslukostnaður greiðist af framlagi til sjóðsins.

4. gr.

*Rekstur og varsla.*

Rannsóknamiðstöð Íslands sér um umsýlu Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 3. tölul. 10. gr. laga nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

5. gr.

*Umsækjendur.*

Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

6. gr.

*Starfslaun.*

Starfslaun skulu nema 280.000 kr. á mánuði á verðlagi fjárlaga 2013. Starfslaun eru veitt til fræðimanns sem telst sjálfstætt starfandi í fræðigrein sinni. Fjárhæð starfslauna skal koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þeir sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn sjóðsins og fá greidd starfslaun mánaðarlega. Þeir sem njóta starfslauna skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur.

7. gr.

*Lengd starfslauna.*

Starfslaun skulu veitt til 3, 6, 9 eða 12 mánaða. Heimilt er að veita sama einstaklingi starfslaun vegna afmarkaðs verkefnis til lengri tíma en 12 mánaða en þó aldrei lengur en til 36 mánaða. Skal þá viðkomandi fræðimaður endurnýja umsókn árlega, enda veitir sjóðurinn ekki starfslaun lengur en 12 mánuði miðað við hverja umsókn.

8. gr.

*Skýrslur.*

Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur.

Nr. 25

10. janúar 2013

9. gr.

*Niðurfelling starfslauna.*

Stjórn sjóðsins má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi fræðimaður hafi ekki sinnt fræðistörfum sínum.

10. gr.

*Ferðastyrkir.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ferðastyrk að upphæð 150.000 kr. í tengslum við einstök verkefni sem sjóðurinn styrkir. Skilyrði fyrir slíkum styrk er að fræðimaður taki starfslaun í að minnsta kosti 6 mánuði, en ekki skulu veittir fleiri en einn ferðastyrkur á ári í tengslum við hvert einstakt verkefni. Samanlögð upphæð sem varið er til ferðastyrkja skal aldrei vera hærri en sem nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem sjóðurinn hefur til úthlutunar árlega.

11. gr.

*Reglur.*

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum og kynnir þær fyrir mennta- og menningarmálaráðherra.

12. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um Launasjóð fræðirithöfunda, nr. 268/1999.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 10. janúar 2013.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013